

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1994

---

21. febrúar 1994

227

Nr. 74

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

1. gr.

Í stað orðanna „28. febrúar“ í 9. gr. kemur: 31. maí

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 21. febrúar 1994.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Jón H. Steingrímsson.*

11. febrúar 1994

Nr. 75

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorphheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1994 skal vera kr. 6 300 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytið, 11. febrúar 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

---

Stjórnartíðindi B 12, nr. 74–75 1994. Útgáfudagur 22. febrúar 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.